



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Hilmar S.

*HITAVEITA REYKJAVÍKUR*

**Mælingaeftirlit 1995 á Nesjavöllum  
og Kolviðarhóli**

Ómar Sigurðsson  
Benedikt Steingrímsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-95048/JHD-32 B

September 1995



**ORKUSTOFNUN**

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 630 007/014

***HITAVEITA REYKJAVÍKUR***

**Mælingaæftirlit 1995 á Nesjavöllum  
og Kolviðarhóli**

Ómar Sigurðsson  
Benedikt Steingrímsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-95048/JHD-32 B

September 1995



## **EFNISYFIRLIT**

1. INNGANGUR	5
2. MÆLINGAR Á NESJAVÖLLUM	5
3. MÆLINGAR Í EINSTÖKUM HOLUM	7
3.1 Hola NG-7	7
3.2 Hola NG-10	8
3.3 Hola NJ-11	8
3.4 Hola NJ-12	8
3.5 Hola NJ-14	9
3.6 Hola NJ-15	9
3.7 Hola NJ-16	9
3.8 Hola NJ-17	10
3.9 Hola NJ-18	10
3.10 Hola KhG-1	10
4. BREYTINGAR SÍÐUSTU ÁRA	11
5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA	12
6. FRAMHALD MÆLINGAEFTIRLITS	13
7. HEIMILDIR	13
VIÐAUKI I: Mælingar í borholum	45
VIÐAUKI II: Hönnun helstu borholna	57

## MYNDASKRÁ

1. Hola NG-7, hitamælingar	15
2. Hola NG-7, þrýstingsmælingar	16
3. Hola NG-10, hitamælingar	17
4. Hola NG-10, hitamælingar	18
5. Hola NG-10, þrýstingsmælingar	19
6. Hola NJ-11, hitamælingar	20
7. Hola NJ-11, þrýstingsmælingar	21
8. Hola NJ-12, hitamælingar	22
9. Hola NJ-14, hitamælingar	23
10. Hola NJ-14, þrýstingsmælingar	24
11. Hola NJ-15, hitamælingar	25
12. Hola NJ-15, hitamælingar	26
13. Hola NJ-15, þrýstingsmælingar	27
14. Hola NJ-16, hitamælingar	28
15. Hola NJ-16, hitamælingar	29
16. Hola NJ-16, þrýstingsmælingar	30
17. Hola NJ-17, hitamælingar	31
18. Hola NJ-17, hitamælingar	32
19. Hola NJ-17, þrýstingsmælingar	33
20. Hola NJ-18, hitamælingar	34
21. Hola NJ-18, hitamælingar	35
22. Hola NJ-18, þrýstingsmælingar	36
23. Hola KhG-1, hitamælingar	37
24. Hola KhG-1, hitamælingar	38
25. Hola KhG-1, þrýstingsmælingar	39
26. Hola NG-7, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	40
27. Hola NG-10, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi	40
28. Hola NJ-14, þrýstingur og hiti á 1200 m dýpi	41
29. Hola NJ-15, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi	41
30. Hola NJ-17, þrýstingur og hiti á 1600 m dýpi	42
31. Hola NJ-18, þrýstingur og hiti á 1700 m dýpi	42
32. Hola KhG-1, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	43
33. Breytingar vatnsborðs í holum NG-10, NJ-12, NJ-15, NJ-17 og NJ-18	43
34. Breytingar vatnsborðs í holu KhG-1 við Kolviðarhól	44

## 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um eftirlitsmælingar í borholum á Nesjavöllum og við Kolviðarhól sem gerðar voru á árinu 1995. Þessar mælingar, sem eru hluti af vinnslueftirliti með jarðhitakerfunum á þessum stöðum, voru gerðar samkvæmt samningi Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar þar um. Fjallað er um niðurstöður mælinga úr einstökum holum og gefið yfirlit um þróun breytinga í hita og þrýstingi á undanförunum árum. Í viðauka I eru tölugildi mælinganna birt. Auk þessa voru teknar saman upplýsingar um hönnun og frágang vinnsluholna á Nesjavöllum eins og þær hafa verið skráðar í gagnagrunn Orkustofnunar. Þessar upplýsingar eru sýndar á myndum í viðauka II ásamt upplýsingum um vatnsæðar í holunum og vídd þeirra. Þetta er upplýsingamiðlun sem er í þróun á Orkustofnun, en markmiðið er að hægt verði að fá upplýsingar um sem flest er viðkemur borholum á myndrænu formi. Ráð og hugmyndir um framsetningu þeirra eru vel þegnar.

## 2. MÆLINGAR Á NESJAVÖLLUM

Þann 13. júní 1995 var byrjað að hita- og þrýstimæla eftirlitsholur á Nesjavöllum. Eins og áður var byrjað að mæla þær holur sem eru þrýstingslausar á holutoppi. Byrjað var á að mæla í holu NJ-18. Mælingar gengu edlilega fyrir sig, en þegar verið var að hífa mæla við lok mælingar slitnaði spilvírinn milli holu og bíls. Mælar voru þá á um 1214 m dýpi. Náð var í "fiskitæki" til Reykjavíkur og tókst að ná vírdræsu og mælum til yfirborðs rúmum þrem tímum síðar. Klukka hafði gengið í þrýstingsmælinum og sýndi mælirinn að hann hafði fallið til botns (1982 m) á um 1,5 mínútum. Vegna þessa varð dagshlé á mælingum meðan skipt var um spilvír og mælar yfirfarnir og kvarðaðir.

Mælar höfðu sloppið óskemmdir frá fallinu í holu NJ-18. Næstu daga voru því holur NG-10, NJ-12, NJ-15 og NJ-17 mældar. Vegna annarra verkefna varð hlé á mælingum til 27. júní en dagana þar á eftir var lokið við að mæla holur NJ-11, NJ-14, NJ-17 og KhG-1. Ekki þótti ástæða til að mæla holur NG-7 og NJ-16 nú því þær höfðu verið mældar í byrjun marz 1995. Hins vegar er fjallað um þær mælingar með öðrum mælingum hér á eftir. Hóla NG-9 var ekki mæld nú þar sem hún er nú nýtt fyrir virkjunina.

Þessar mælingar eru hluti af mælingareftirliti á Nesjavöllum og Kolviðarhóli til að fylgjast með breytingum í jarðhitakerfunum þar. Yfirlit um mælingarnar er birt í töflu 1, en mælingarnar eru birtar í töflum V-1 til V-24 í viðauka I og sýndar á myndum 1-25. Á myndunum eru einnig sýndar síðustu mælingar til samanburðar ásamt áætlun fyrir berghita og upphafsþrýsting út frá mælingum gerðum við upphitun holnanna. Þá er á myndum 26-32 tekið saman yfirlit hita- og þrýstibreytinga í holunum á síðustu árum. Þar eru valin þau dýpi í holunum þar sem vendipunktur kom fram í þrýstimælingum við upphitun holnanna. Að lokum er svo sýnd þróun vatnsborðsbreytinga í eftirlitsholum á Nesjavöllum á mynd 33 og við Kolviðarhól á mynd 34.

Tafla 1. Mældir metrar.

95.03.02	NG-7	AM-hiti	0 - 1971 m
95.03.02	NG-7	AM-þrýst.	0 - 1971 m
95.06.15	NG-10	GO-hiti	0 - 550 m
95.06.15	NG-10	AM-hiti	700 - 1761 m
95.06.15	NG-10	AM-þrýst.	0 - 1761 m
95.06.16	NJ-12	GO-hiti	0 - 700 m
95.06.27	NJ-14	AM-hiti	0 - 1270 m
95.06.27	NJ-14	AM-þrýst.	0 - 1270 m
95.06.16	NJ-15	GO-hiti	0 - 550 m
95.06.16	NJ-15	AM-hiti	600 - 1707 m
95.06.16	NJ-15	AM-þrýst.	0 - 1707 m
95.03.01	NJ-16	AM-hiti	0 - 1998 m
95.03.01	NJ-16	AM-þrýst.	0 - 1998 m
95.06.27	NJ-17	GO-hiti	0 - 710 m
95.06.16	NJ-17	AM-hiti	800 - 1954 m
95.06.16	NJ-17	AM-þrýst.	0 - 1954 m
95.06.13	NJ-18	GO-hiti	0 - 820 m
95.06.15	NJ-18	AM-hiti	1000 - 1982 m
95.06.13	NJ-18	AM-þrýst.	0 - 1982 m
95.07.03	KhG-1	GO-hiti	0 - 730 m
95.07.03	KhG-1	AM-hiti	800 - 1779 m
95.07.03	KhG-1	AM-þrýst.	0 - 1779 m
Alls mældir metrar			29.004 m

Vatnsborð var einnig mælt í holunum, nema holum NG-7, NJ-11, NJ-14 og NJ-16 sem voru í blæðingu og með þrýsting á holutoppi.

Vatnsborð í holunum mældist á eftirfarandi dýpi:

NG-10	193,21 m	frá 3" loka	þann 16/6 kl 10:10
NJ-12	148,35 m	frá aðalloka	þann 16/6 kl 11:25
NJ-15	159,71 m	frá 3" loka	þann 16/6 kl 10:30
NJ-17	241,56 m	frá rafloka	þann 16/6 kl 11:15
NJ-18	155,76 m	frá aðalloka	þann 16/6 kl 11:40
KhG-1	127,50 m	frá kjallarabrún	þann 3/7 kl 14:40

Toppþrýstingur holu NG-7 var um 26,5 bar þegar hún var mæld, holu NJ-11 um 61,5 bar sem hækkaði í 63,7 bar á tæpum fjórum tímum frá því lokað var fyrir blæðingu úr henni og holu NJ-14 um 23 bar sem hækkaði í um 25 bar á þrem tímum. Toppþrýstingur holu NJ-16 var um 17,5 bar og lækkaði í um 16 bar á tæpum þrem tímum frá því lokað var fyrir blæðingu úr henni og hafði lækkað enn meira við lok mælinga (10,5 bar).

### 3. MÆLINGAR Í EINSTÖKUM HOLUM

Við lok mælinga, þegar farið var að breyta mæligildum Amerada-hitamælisins 84863 í hitagildi kom fram ósamræmi við eldri mælingar. Þessi mælir var tekinn í notkun nýr fyrir mælingarnar á Nesjavöllum og notaður í mörgum holnanna þar. Hann féll niður í holu NJ-18 er spilvír slitnaði og var því settur í kvörðun 14. júní. Kvörðunin reyndist í alla staði eðlileg og sýndi að mælirinn hafði ekki skaddast. Hins vegar virtist mælir stundum standa á sér í fyrstu mælipunktum í holunum. Eftir mælingarnar var hann því settur í kvörðun aftur. Nú var reynt að líkja meira eftir því ástandi sem mælirinn verður fyrir við mælingu í borholu. Hann var því látinn beint í rúmlega 160 °C hita og virtist þá standa á sér og hrökkva til eins og sást í mælingunum. Kvarðanirnar náguðust svo hvor aðra við 220-230 °C hita. Hegðun mælisins á hitabilinu 160-220 °C var hins vegar háð því hvernig mælirinn hitnaði, þ.e. hvort hann hitnaði jafnt og þétt eða hvort hann fór snögglega í mikinn hita. Mælirinn er því ekki eins áreiðanlegur og æskilegt er og hitabreytingar milli eldri mælinga og mælinga nú með þessum mæli upp á 2 °C vart marktækar.

#### 3.1 HOLA NG-7

Neðangreindar athugasemdir um holu NG-7 eru teknar úr minnispunktum um mælingarnar frá því í mars. Hitamæling frá ágúst 1994 sýndi verulega lægri hita í efstu 800 m holunnar borið saman við hitamælingu frá 1993 og eldri mælingar. Hitamælingin í mars sýndi að hiti í efri hluta holunnar hafði enn lækkað og nú niður á um 1000 m dýpi. Af mælingunum er ljóst að ástand vatnsæðanna sem eru á um 900 m og um 1000 m dýpi er að breytast, en þær hafa haldið við suðu í efri hluta holunnar. Hiti hefur lækkað við æðarnar og er lægri en hann hefur áður mældst, þó tekið sé tillit til hugsanlegrar mæliskekkju. Talið hefur verið að suða við æðarnar á 900 m og 1000 m dýpi hafi verið viðhaldið af gasi í þeim og má áætla að það sé nú um 0,2-0,5% af massa. Erfitt er að segja til um hvort gasið hafi minnkað, en samanlagt magn gufu og gass hefur minnkað skv. þrýstingsmælingunni (eðlisþyngri súla). Með reiknilskani fyrir rennsli í borholum mætti reyna að nálgast hita- og þrýstingsferla sem mældir eru á svipuðum tíma og ákvarða þannig gasmagn í blæðingu á hverjum tíma.

Þrýstingur í vinnsluhluta holu NG-7 mælist svipaður og undanfarin ár, en í efri hluta holunnar er hann lægri, enda suða í holunni ofan 1000 m dýpis og þrýstingur því háður hita þar. Holu-toppþrýstingur hefur lækkað um rúm 6 bar milli mælinganna 1994 og 1995. Áætlað er að yfirþrýstingur við holutopp vegna gass sé nú um 6-8 bar (hlutþrýstingur gass). Lækki hiti við æðarnar á 900 m og 1000 m dýpi um 5 °C í viðbót eða í svipaðan hita og mælist á 1100 m dýpi í holunni er talið að toppþrýstingur muni lækka í 10-15 bar. Hafi gas í fyrrnefndum æðum minnkað frá því sem það var fyrir nokkrum árum, þá mun holan væntanlega "deyja" við þá hitalækkun.



### 3.2 Hóla NG-10

Hitamælingarnar í hólunni NG-10 sumarið 1995 líkjast fyrri hitamælingum í hólunni og er munurinn milli mælinga víðast innan óvissumarka mælisins. Til lengri tíma litið virðist hiti í jarðhitakerfinu við hólunni NG-10 fara lækkandi og getur hitalækkunin verið að jafnaði rúm 0,5 °C á ári (mynd 28).

Þrýstingur mældist í hærra lagi í sumar miðað við síðustu mælingar. Vatnsborð hélt hins vegar áfram að falla í hólunni sem bendir til að þrýstingur fari frekar lækkandi í jarðhitakerfinu við hóluna. Þrýstingslækkunin er talin vera að jafnaði tæpt 0,5 bar/ári.

### 3.3 Hóla NJ-11

Hóla NJ-11 var mæld í lok júní en þá var hólunni búin að vera nokkrar vikur á blæðingu um 24 mm blendu út í hljóðdeyfi. Hólunni var síðast mæld í júní 1985 eftir að blæðing var byrjuð af hólunni, en áður en hún fór í blástur og síðan vinnslu. Blæðing um svo stóra blendu var nokkuð öflug, en lokað var fyrir hana skömmu fyrir hitamælinguna. Af hita- og þrýstímælingunni er ljóst að suða er í hólunni niður á rúmlega 900 m dýpi. Einnig sést af hitamælingunni að mælingin er trufluð af lokuninni í tveggja fasa hluta hólunnar. Við upphitun hólunnar 1985 voru það gasríkar vatnsæðar kringum 850 m dýpi sem byggðu fljótt upp háan þrýsting á holutoppi og komu hólunni í blæðingu og síðan blástur. Aðalæð hólunnar var hins vegar talin vera á um 1220 m dýpi, en þar var hólunni mjög kæld af skolvatni. Samkvæmt þrýstingi gat hiti þar verið hæstur 310 °C (suðumark). Önnur öflug vatnsæð var talin vera á um 1575 m dýpi eða rétt fyrir ofan malartappann sem settur var í hóluna (Benedikt Steingrímsson, o.fl., 1986). Hiti við þá æð var talinn vera 326 °C og liggja á suðumarksferli. Hitamælingin nú bendir til að ekkert rennsli sé upp í gegnum malartappann og hann stífi því neðri hluta hólunnar eins og til var ætlast. Hiti við æðarnar á 1220 m og 1575 m mælist nú lægri en hann var við upphitun eða tæpar 298 °C og 313 °C. Hitamunurinn er um 12 °C.

Þrýstingsmælingin sýnir auk suðunnar í efstu 900 m hólunnar, töluverðan niðurdrátt í hólunni fyrir þá blæðingu sem var úr henni. Árið 1985 var þrýstingur í jarðhitakerfinu á um 1200 m dýpi talinn vera um 99 bar. Þrýstingur mældist þar nú rúm 83 bar, þannig að rúmlega 15 bar niðurdráttur er í hólunni fyrir þá blæðingu sem var úr henni. Hluti þess niðurdráttar gæti verið langtíma niðurdráttur í jarðhitakerfinu vegna vinnslu hólunnar undanfarin 10 ár. Sé jarðhitakerfið við hóluna í suðu veldur þessi þrýstingslækkun því að hiti lækkar um 12 °C. Hita- og þrýstingsmælingarnar nú benda því til að jarðhitakerfið við hóluna sé enn sjóðandi og hiti og þrýstingur í vinnsluhluta hólunnar ráðist af suðumarksferli vatns.

### 3.4 Hóla NJ-12

Í fyrra festust mælar og urðu eftir í hólunni á um 1168 m dýpi. Því var nú aðeins mældur hiti í efsta hluta hólunnar eða uppi í vinnslufóðringunni. Hiti hefur lítið sem ekkert breytst þar milli ára undanfarin ár. Þá er búist við að breytingar í vinnsluhluta hólunnar séu litlar, bæði fyrir hita og þrýsting. Þó er reiknað með að þrýstingur í jarðhitakerfinu við hólunni NJ-12 lækki lítillega, þar sem vatnsborð í hólunni er lækkandi. Vatnsborð í hólunni NJ-12 hefur lækkað síðastliðið ár um 2,8 m, en það er örlítið minni lækkun en undanfarin ár sem hefur verið allt að 3,5 m.

### 3.5 Hola NJ-14

Hiti í holu NJ-14 hefur lítið breytst undanfarin ár. Ofan 500 m dýpis, þar sem suða er í holunni, hefur hiti þó hækkað síðustu ár ásamt þrýstingi sem bendir til að blæðing hafi verið að aukast milli ára.

Þrýstingur í vinnsluhluta holunnar mælist örlítið lægri í ár miðað við mælingar síðustu ára. Munurinn er þó innan skekkjumarka mælisins. Holutoppþrýstingur hefur farið hækkandi á undanförunum árum, en hann stjórnast af gasi og suðu í efsta hluta holunnar, sem síðan ræðst af blæðingunni úr holunni. Einnig hækkar toppþrýstingur tímabundið þegar þrengrt er að blæðingunni og holan safnar á sig gasi, eins og vart varð við meðan mælingarnar voru gerðar og sjá má í töflum V-9 og V-10.

### 3.6 Hola NJ-15

Hitamælingin í vinnsluhluta holu NJ-15 liggur nokkru lægra en eldri mælingar, en vegna þess sem áður hefur verið sagt um kvörðunarvanda hitamælisins er þessi breyting vart marktæk. Líklegt er að hiti hafi lítið breytst við holuna frá 1990 eða eftir að kæling vegna blásturs hennar 1987 gekk til baka.

Þrýstingur mælist svipaður og á síðasta ári, en vatnsborð er lækkandi. Þó þrýstingur sé í hærri kantinum, þá lækkar vatnsborð um 3,4 m milli ára og hefur því lækkað um 16,8 m frá árinu 1989. Þar sem hiti í efri hluta holunnar hefur ekki breytst milli ára bendir vatnsborðslækkunin til lækkandi þrýstings í jarðhitakerfinu við holuna.

### 3.7 Hola NJ-16

Hola NJ-16 var mæld í byrjun mars, eins og hola NG-7, og er hér stuðst við minnispunkta frá þeim tíma. Ástæður fyrir mælingum í holunum á þeim tíma voru lækkandi toppþrýstingur holu NG-7 og aflþurrð holu NJ-16 vegna breyttrar hegðunar hennar. Fyrir mælingarnar var hola NJ-16 blædd út á hljóðdeyfi um 22 mm blendu og hafði verið þannig frá því nokkru fyrir síðustu áramót. Ástæðan fyrir svo stórrí blendu var að menn óttuðust að holan myndi kafna ef blæðing væri minni, enda féll toppþrýstingur holunnar úr 17,5 bar í 10,5 bar við rúmlega fjögura tíma lokun.

Þrýstingsmælingin bendir til suðu í holunni niður á allt að 1100 m dýpi. Hitamælingin sýnir að hiti niður á rúmlega 1000 m dýpi er lægri en áður, sem bendir til að rennsli upp holuna (blæðing) hafi minnkað. Neðan 1100 m dýpis mældist hiti svipaður og í ágúst 1994, þó mælist hiti aðeins hærri við vatnsæðina á 1525 m dýpi, en lægri við æðina niðri við botn holunnar (1998). Á um 900 m og 1100 m dýpi eru æðar sem mældust við upphitun holunar í janúar 1986 hafa hita við suðumarksferil. Hiti á 1100 m var þá hæstur í holunni um 302 °C, en í síðari mælingum hefur hiti þar verið kringum 290 °C (vegna niðurdráttar). Líklegt er að gas í æðunum á 900 m og sérstaklega á 1100 m hafi hleypt holunni í gos og orsakað háan holutoppþrýsting í febrúar 1986. Hugsanlegt er að það hafi dregið úr gasi sem hefur fundist í vatnsæðum á 900-1100 m dýpi í norðanverðu jarðhitakerfinu og því hafi dregið úr suðuvirkni þeirra. Við það lækkar toppþrýstingur holnanna og hegðun þeirra breytist (NG-7, NJ-11, NJ-16).

Vatnsæðin á 1525 m dýpi hefur verið talin aðalæð holunnar. Hiti þar hefur hæstur mælst um 299 °C og nú tæpar 296 °C. Samkvæmt mælingum síðustu ára er óvíst hvort hiti hafi fylgt suðuferli dýpra en niður á 1100 m í jarðhitakerfinu við holuna í upphafi (1986). Við botnæð

holunnar hefur hiti ekki mælst hærri en um 307 °C og þó reiknað sé með einhverri kælingu vegna suðu virðist hiti þar ekki hafa verið mikið yfir 310 °C sem er um 30 °C undir ætludum suðuhita þar. Nú mældist hiti þar aðeins rúmar 286 °C. Hvort millirennslis sé í holunni milli 1600 m dýpis og botns er óvíst, en alla vega kemur botnæðin ekki inn við þá blæðingu sem er úr holunni.

Þrýstingur mældist hærri í vinnsluhluta holu NJ-16 en áður frá því holan fór í blástur, enda minna rennslis úr henni og því minni niðurdráttur. Niðurdrátturinn í vinnsluhluta holunnar (á 1500 m dýpi) var samkvæmt mælingunni í mars rúm 10 bar. Hluti niðurdráttisins er vegna rennslis úr holunni, en stærri hluti hans getur verið vegna þrýstingslækkunar í jarðhitakerfinu. Þegar botnæðin tók þátt í rennslis holunnar þá sauð í holunni til botns og átti það þátt í að skapa háan þrýsting á holutopp. Miðað við núverandi aðstæður þyrfti þrýstingur við holubotn að falla niður í minnst 95 bar (úr 146,3 bar) svo botnæðin komi inn. Þá er talið að gas í botnæðinni hafi áður hjálpað til að koma henni í rennslis og er áætlað að það gæti hafa verið um 1,1% að massastyrk. Hafi gasið minnkað kemur botnæðin enn síður inn.

### 3.8 HOLA NJ-17

Hitamælingin í sumar sýnir að hola NJ-17 heldur áfram að kólna við hengistykki leiðarans á um 640 m dýpi. Þessarar kólnunar varð fyrst vart við mælingar 1993 og er hún talin stafa af því að hringstreymi (convection) um topp leiðarans hafi hætt. Á 640 m dýpi er kólnunin frá því í fyrra rúmar 9 °C og frá 1992 er hún 36 °C. Kólnunin er svipuð á 700 m dýpi, en ofan 550 m dýpis hefur hiti ekki breytst og neðan 800 m dýpis er hitinn svipaður og áður. Hitabreytingin er því eingöngu við topp leiðarans og er hiti enn að laga sig að ríkjandi berghita þar eftir rennslisbreytinguna.

Þrýstingur í holunni mældist svipaður og undanfarin ár. Mælingin í ár er almennt um 0,6 bar lægri en mælingin í fyrra, enda var sú mæling talin vera allt að 1 bar of há miðað við mælt vatnsborð og fyrri mælingar. Vatnsborð lækkaði í holu NJ-17 um 1,5 m milli ára og hefur því lækkað um tæpa 16 m á undanförunum sex árum. Stór hluti þeirrar lækkunar stafar af kólnun vatnssúlunar í efstu 700 m holunnar og eru því þrýstingsbreytingar í jarðhitakerfinu við holuna enn litlar.

### 3.9 HOLA NJ-18

Hiti í efstu 800 m holu NJ-18 hefur náð jafnvægi við ríkjandi berghita þar. Hitinn í holunni hefur verið að lækka þar inn að berghita allt frá því lokað var fyrir blástur holunnar í byrjun maí 1988. Hiti í vinnsluhluta holunnar hefur verið tiltölulega stöðugur frá lokun hennar.

Þrýstingur mældist í hærri kantinum í sumar, en munurinn milli ára virðist meiri þar sem mælingin 1994 var mjög lág. Vatnsborð lækkaði um 1,9 m milli ára og hefur vatnsborð holu NJ-18 því lækkað um tæpa 22 m. Verulegur hluti vatnsborðslækkuninnar stafar af hitabreytingum í efstu 1100 m holunnar. Möguleg þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu við holuna er því aðeins um 1 bar.

### 3.10 HOLA KhG-1

Hola KhG-1 var hita- og þrýstimæld í byrjun júl og urðu mælar ekki varir við þrengingarnar í holunni. Vitað er um útfellingar á dýptarbilinu 540-640 m sem þrengja holuna niður í allt að 50

mm (2") á nokkrum stöðum þannig að mælar geta auðveldlega sest á þeim. Það hve mælar gengu greiðlega niður holuna nú sýnir að þrengingarnar hafi ekki aukist milli ára.

Hitamælingarnar í sumar sýna að holan heldur áfram að hitna á dýptarbilinu 400-1200 m, en einhver kæling gæti verið frá 1300 m dýpi og til botns á 1777 m dýpi. Uppi í vinnslufóðringunni er hitnunin milli ára 1-3 °C, þannig að verulega hefur dregið úr hitnunarhraðanum þar. Neðan vinnslufóðringar hefur hitnunin milli ára verið allt að 6 °C, en einnig þar hefur dregið úr hitnunarhraðanum. Viðsnúningur er í hitaferli holunnar neðan 1300 m dýpis og virðist hiti þar fyrir neðan hafa lækkað miðað við eldri mælingar. Verulegar hitabreytingar eiga sér því enn stað í jarðhitakerfinu við holu KhG-1 en ekki er vitað hvað veldur þeim.

Vatnsborð hefur verið hækkandi í holunni eftir hreinsunaraðgerðir í lok árs 1991, líklega vegna hitabreytingana í holunni. Á átta mánuðum, eða milli eftirlitsmælinga, hefur það hækkað um 1,6 m. Þessi hækkun er minni en á síðasta ári þannig að það hefur dregið úr henni í samræmi við minni hitnunarhraða í holunni. Þrýstingsmælingar hafa einnig bent til hækkandi þrýstings í holunni og þó vísbendingar séu um það í mælingunni í sumar, þá er munurinn milli síðustu mælinga vel innan skekkjumarka mælisins. Allar mælingar í holu KhG-1 sýna breytingar í jarðhitakerfinu við holuna.

#### 4. BREYTINGAR SÍÐUSTU ÁRA

Líkanreikningar fyrir jarðhitakerfið á Nesjavöllum voru endurskoðaðir og uppfærðir í byrjun árs 1993 (Guðmundur S. Böðvarsson, 1993). Reiknilíkanið var síðan notað til að gera spár fyrir mismunandi vinnslutilfelli fram yfir næstu aldamót. Þar á meðal voru gerðir spáreikningar fyrir tilfelli sem líkist ætluðum rekstraraðstæðum jarðhitakerfisins fram til ársins 2005. Þar er reiknað með að vinnsla verði úr holum NG-5, NG-6, NJ-11, NJ-13 og NJ-16. Þessar forsendur hafa breytst nokkuð þar sem engin vinnsla er úr holu NG-5 og vinnsla úr holum NJ-11 og NJ-16 hefur verið minnkuð, en holu NG-9 bætt inn. Spáð er fyrir um breytingar í rennsli og vermi fyrir vinnsluholurnar en þrýstingsbreytingar í holum NG-10, NJ-12, NJ-14 og NJ-15. Almenn gerir spáin ráð fyrir að að vermi vinnsluholnanna lækki á tímabilinu og rennsli þeirra aukist eitthvað. Fyrir eftirlitsholurnar er reiknað með að þrýstingur í jarðhitakerfinu muni lækka, en lækkunin verði minni en á árunum 1986-1992. Þannig er þegar kominn fram 1-3 bar niðurdráttur við þessar holur sem mun aðeins aukast um rúmt 1 bar fram til ársins 2005.

Á yfirlitsmyndum 26-32 fyrir holur NG-7, NG-10, NJ-14, NJ-15, NJ-17, NJ-18 og KhG-1 eru sýndar hita- og þrýstingsbreytingar á ákveðnum viðmiðunardýpum í holunum á undanförunum árum. Viðmiðunardýpi í hverri holu miðast við vendipunkt sem kom fram í þrýstimælingum við upphitun holanna. Þegar myndirnar eru skoðaðar sést að hitabreytingar hafa almennt ekki verið miklar í holunum eftir að þær náðu jafnvægi eftir blástursprófanir. Helstu breytingar eru að kæling sem varð við holu NG-10, vegna blásturs holu NJ-15, er varanleg og hugsanlega hefur verið hægfara kæling við holuna síðan sem nemur um 0,5 °C/ári. Kælingin sem kom fram við holu NJ-15 gekk hins vegar til baka. Þá er mögulegt að hiti við holu NJ-14, eða í suðaustur hluta svæðisins, hafi hækkað um rúmar 2 °C á undanförunum árum, án þess að skýring sé á því. Eftir hreinsun holu KhG-1 við Kolviðarhól í lok árs 1991 varð vart hitabreytinga í henni, þar sem hiti fór hækkandi á dýptarbilinu 400-1300 m, en hugsanlega kólnandi neðan 1300 m dýpis. Dregið hefur úr þessum breytingum, en þær voru með mesta móti á árinu 1994.

Þrýstingur jafnaði sig fljótt eftir blásturprófanir holnanna að áætluðum upphafsþrýstingi í jarðhitakerfinu við viðkomandi holur, nema í holu NG-7. Þar reyndist meðalþrýstingurinn í jarðhitakerfinu vera orðin um 4,2 bar lægri en áætlaður upphafsþrýstingur. Síðustu fimm ár virðist þrýstingur í jarðhitakerfinu í norðaustur og austur hluta svæðisins hafa lækkað um tæpt 1 bar á ári, en um 0,5 bar í suðaustur hluta svæðisins. Þrýstingslækkun í norður hluta svæðisins gæti verið svipuð og í norðaustur hluta þess. Vestan Kýrdalshryggjar er þrýstingslækkunin enn lítil og gæti numið alls um 1 bar. Við Kolviðarhól í holu KhG-1 virtist þrýstingur lítið hafa breytst fyrr en síðustu tvö til þrjú árin að mælingar benda til þrýstingshækkunar.

Miðað við fyrstu mælingar úr viðkomandi holu, sem eru flestar frá árunum 1984-1986, er þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu á Nesjavöllum orðin mest við holu NG-7 um 9 bar. Næst mest mælist þrýstingslækkunin við holu NG-10 rúm 3 bar. Niðurdráttur í jarðhitakerfinu við holur NJ-11 og NJ-16 gæti verið svipaður eða 3-9 bar. Við holur NJ-14 og NJ-15 getur þrýstingslækkunin verið rúm 2 bar. Við holur NJ-12, NJ-17 og NJ-18 er þrýstingslækkunin hins vegar í mesta lagi um 1 bar. Almennt má einnig segja að samræmi sé milli mældrar þrýstingslækkunar við holurnar og mældrar vatnsborðslækkunar í þeim.

## 5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

- Niðurdráttur mælist víðast hvar í jarðhitakerfinu á Nesjavöllum. Minnstur er niðurdráttur vestan við Kýrdalshrygg um 1 bar. Í suður og austur hluta jarðhitasvæðisins getur niðurdráttur verið rúm 2 bar (NJ-14, NJ-15). Í norðaustur hluta svæðisins er niðurdráttur 3-9 bar (NG-10, NG-7). Niðurdráttur gæti verið á þessu bili einnig í norður hluta svæðisins (NJ-11, NJ-16).
- Hiti og þrýstingur ofan til í holu NG-7 (0-1000 m) hafa lækkað mikið milli ára undanfarin tvö ár. Lækkunin stafar af minnkandi suðu í holunni og þá vegna minna gass í vatnsæðum á um 900 og 1000 m dýpi, en suðu hefur verið viðhaldið af gasi frá þeim.
- Merkja má hægfara kælingu í jarðhitakerfinu við holu NG-10 sem nemur um 0,5 °C/ári.
- Hóla NJ-11 var mæld í sumar en 10 ár eru frá því hola var síðast mæld. Mælingarnar benda til að jarðhitakerfið sé sjóðandi við holuna og að nokkur niðurdráttur hafi orðið í því við vinnslu síðastliðinna 10 ára.
- Líklegt er að svipaðar breytingar séu að gerast við holu NJ-16 og við holu NG-7, það er að gas hafi minnkað í æðum á 900 m og 1100 m dýpi og suða í efri hluta holunnar því ekki eins öflug. Breytt hegðun botnæðar holu NJ-16 hefur valdið breytingum á vinnslueiginleikum holunnar og afþrýrnun hennar.
- Hiti heldur áfram að lækka í nágrenni við topp leiðarans í holu NJ-17. Líklegt er að hringstreymi um topp leiðarans hafi hætt á tímabilinu 1992-1993 og hiti sé nú að laga sig að ríkjandi berghita þarna.
- Vatnsborð í holu KhG-1 við Kolviðarhól hefur hækkað síðastliðin ár. Vatnsborðshækkunin stafar aðallega af hitabreytingum í holunni, en einnig benda þrýstimælingar til hækkandi þrýstings í jarðhitakerfinu.
- Miklar hitabreytingar hafa átt sér stað í holu KhG-1 að undanfögnu. Hiti hefur hækkað mikið á dýptarbilinu 400-1200 m, en dregið hefur úr hitunarahraðanum á síðastliðnu ári. Neð-

an 1300 m dýpis benda hitamælingar hins vegar til einhverrar kælingar.

- Kanna þarf hvort mælar sem festust í holu NJ-12 hindri mælingar í vinnsluhluta holunnar.

## 6. FRAMHALD MÆLINGAEFTIRLITS

Holur NG-7 og NJ-16 voru mældar í mars og þótti ekki ástæða til að mæla þær aftur í júní þegar aðrar eftirlitsholur voru mældar á Nesjavöllum. Ekki var mælt í holu NG-9, þar sem búið var að tengja hana virkjuninni og vinnsla hafin úr henni í júní. Í stað hennar var hola NJ-11 mæld, en hún hafði ekki verið mæld frá því hún fór í blástur á árinu 1985. Þá var einnig hola KhG-1 við Kolviðarhól mæld í sumar. Breytingar, sem koma fram í holunum á Nesjavöllum eru almennt litlar og hæggar, en til að halda samfeldri skráningu á þeim er lagt til að eftirlitsholur þar verði mældar eins og áður einu sinni á árinu 1996. Þá þarf að körfumæla holu NJ-12 og kanna hvort mælar séu enn fastir á um 1168 m dýpi í holunni eða hvort þeir hafi fallið niður til botns. Niðurstaða þeirrar athugunar mun leiða í ljós hvort hola NJ-12 muni aftur verða nýtt sem eftirlitshola. Ef færi gefst er rétt að mæla holur NJ-11 og NJ-16, sérstaklega ef gripið verður til einhverra aðgerða á þeim. Töluverðar breytingar sjást í holu KhG-1 við Kolviðarhól, en lagt er til að hún verði einnig aðeins mæld einu sinni á næsta ári.

Vegna aflýrnunar holu NJ-16 sem hefur orðið vart eftir af farið var að halda aftur af holunni með blæðingu hefur í minnispunktum til hitaveitunnar verið bent á nokkra möguleika til að sjá hvort holan næði aftur fyrri afli. Aflýrnunin er aðallega talin stafa af því að botnæð holunnar tekur ekki eins virkan þátt í rennsli holunnar og áður. Mögulegar fyrstu aðgerðir eru að setja holuna í fullan blástur og aflmæla hana ásamt því að taka reglulega úr henni efnasýni. Mældur yrði affferill holunnar og athugað hvort botnæðin taki þátt í blæstrinum. Reynist holan mun aflminni við blásturinn en strax eftir borun, gæti þurft að körfumæla holuna og kanna hvort útfellingar hafi sest í hana. Samhliða því yrði að mæla hita og þrýsting í holunni.

Í þessari skýrslu eru á myndum fyrir mælingarnar úr holunum sýndur áætlaður berghiti eða áætlaður upphafsþrýstingur við holurnar. Berghiti og upphafsþrýstingur var á sínum tíma áætlaður út frá mælingum sem gerðar voru við upphitun holnanna. Í kringum 10 ár eru liðin frá borun holnanna og síðan hafa bætst við mælingar sem gefa betri upplýsingar, sérstaklega um berghitann. Því er mælt með að samfara úrvinnslu síðari mælinga verði mat á berghita og upphafsþrýstingi við holurnar einnig lagfært með tilliti til þeirra mælinga sem þá hafi safnast.

## 7. HEIMILDIR


Benedikt Steingrímsson, Ásgrímur Guðmundsson, Hilmar Sigvaldason, Ómar Sigurðsson og Einar Gunnlaugsson, 1986: Nesjavellir, hola NJ-11. Borun, rannsóknir og vinnslueiginleikar. Orkustofnun, OS-86025/JHD-05, 164 s.

Guðmundur S. Böðvarsson, 1993: Recalibration of the three-dimensional model of the Nesjavellir geothermal field. Albany, CA., 111 s.



7 Sep 1995 omar  
L= 95007 Oracle

### NESJAVELLIR HOLA NG-7 Hitamælingar




Mynd 1. Hola NG-7, hitamælingar.



☐ 31 Aug 1995 omar  
L= 95007 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NG-7 Þrýstingsmælingar



Mynd 2. HOLA NG-7, þrýstingsmælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95010 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NG-10 Hitamælingar



Mynd 3. HOLA NG-10, hitamælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95010 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NG-10 Hitamælingar



Mynd 4. HOLA NG-10, hitamælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95010 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NG-10 Þrýstingsmælingar



Mynd 5. HOLA NG-10, þrýstingsmælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95011 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-11 Hitamælingar



Mynd 6. HOLA NJ-11, hitamælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95011 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-11 Þrýstingsmælingar



Mynd 7. HOLA NJ-11, þrýstingsmælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95012 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-12 Hitamælingar



Mynd 8. HOLA NJ-12, hitamælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95014 Oracle

### NESJAVELLIR HOLA NJ-14 Hitamælingar




Mynd 9. HOLA NJ-14, hitamælingar.



31 Aug 1995 omar  
L= 95014 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-14 Þrýstingsmælingar



Mynd 10. HOLA NJ-14, þrýstingsmælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95015 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Hitamælingar



Mynd 11. HOLA NJ-15, hitamælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95015 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Hitamælingar



Mynd 12. HOLA NJ-15, hitamælingar.

31 Aug 1995 ómar  
L= 95015 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Þrýstingsmælingar



Mynd 13. HOLA NJ-15, þrýstingsmælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95016 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-16 Hitamælingar



Mynd 14. HOLA NJ-16, hitamælingar.

☐ 31 Aug 1995 omar  
L= 95016 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-16 Hitamælingar



Mynd 15. HOLA NJ-16, hitamælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 95016 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-16 Þrýstingsmælingar



Mynd 16. HOLA NJ-16, þrýstingsmælingar.

7 Sep 1995 omar  
L= 95017 Oracle

### NESJAVELLIR HOLA NJ-17 Hitamælingar




Mynd 17. HOLA NJ-17, hitamælingar.



7 Sep 1995 omar  
L= 95017 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-17 Hitamælingar



Mynd 18. Hola NJ-17, hitamælingar.

7 Sep 1995 omar  
L= 95017 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-17 Þrýstingsmælingar



Mynd 19. HOLA NJ-17, þrýstingsmælingar.

7 Sep 1995 ómar  
L= 95018 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-18 Hitamælingar



Mynd 20. HOLA NJ-18, hitamælingar.

7 Sep 1995 omar  
L= 95018 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-18 Hitamælingar



Mynd 21. HOLA NJ-18, hitamælingar.

31 Aug 1995 ómar  
L= 95018 Oracle


### NESJAVELLIR HOLA NJ-18 Þrýstingsmælingar



Mynd 22. HOLA NJ-18, þrýstingsmælingar.

7 Sep 1995 omar  
L= 96852 Oracle


### KOLVIDARHÓLL HOLA KhG-1 Hitamælingar



Mynd 23. HOLA KhG-1, hitamælingar.

31 Aug 1995 omar  
L= 96852 Oracle


### KOLVIÐARHÓLL HOLA KhG-1 Hitamælingar



Mynd 24. HOLA KhG-1, hitamælingar.


31 Aug 1995 omar  
L= 98852 Oracle

### KOLVIÐARHÓLL HOLA KhG-1 Þrýstingsmælingar




Mynd 25. HOLA KhG-1, þrýstingsmælingar.







Mynd 26. HOLA NG-7, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi.



Mynd 27. HOLA NG-10, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi.




Mynd 28. HOLA NJ-14, þrýstingur og hiti á 1200 m dýpi.



Mynd 29. HOLA NJ-15, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi.

JHD FFR 8715 Ómar  
95.10.0252 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-17  
Þrýstingur og hiti á 1600 m dýpi



Mynd 30. HOLA NJ-17, þrýstingur og hiti á 1600 m dýpi.

JHD FFR 8715 Ómar  
95.10.0253 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-18  
Þrýstingur og hiti á 1700 m dýpi



Mynd 31. HOLA NJ-18, þrýstingur og hiti á 1700 m dýpi.

JHD FFR 8715 Ómar  
95.10.0254 T


KOLVIDARHÖLL HOLA KhG-1  
Þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi



Mynd 32. HOLA KhG-1, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi.

JHD FFR 8715 Ómar  
95.10.0256 T


NESJAVELLIR  
Vatnsborð



Mynd 33. Breytingar vatnsborðs í holum NG-10, NJ-12, NJ-15, NJ-17 og NJ-18.

JHD FFR 8715 Ómar  
95.10.0255 T

KOLVIÐARHÖLL HOLA KhG-1  
Vatnsborð



Mynd 34. Breytingar vatnsborðs í holu KhG-1 við Kolviðarhól.

## **VIÐAUKI I: Mælingar í borholum**

**Töflur yfir mælingar úr holum**

TAFLA V-1

NESJAVELLIR HOLA NG-7

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 950302 Timi 1019 Mæli EL-58109. Kvörðun nr. 940829.  
MÆLT AF Ómar/GuH Vatnsborð .00 m Rennsli .00 l/s Holutoppþrýstingur 27.00 bar

DYPI m	HITI C	ATHUGASEMDIR
.00	211.60	HOLAN HEFUR VERIÐ
200.00	221.40	Á BLÆÐINGU UM
400.00	240.40	4 mm GAT
600.00	255.50	
800.00	269.50	
900.00	275.20	
1000.00	278.50	
1100.00	273.10	
1200.00	273.10	
1300.00	273.80	
1400.00	274.70	
1500.00	276.30	
1600.00	282.90	
1700.00	287.00	
1800.00	301.70	
1900.00	312.20	
1971.00	324.50	

TAFLA V-2

NESJAVELLIR HOLA NG-7

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 6222

ÞRYSTINGSMÆLING Dagsetning 950302 Timi 1319 Mæli EL-51948. Kvörðun nr. 811026.  
MÆLT AF Ómar/GuH Vatnsborð .00 m Rennsli .00 l/s Holutoppþrýstingur 26.50 bar

DYPI m	ÞRYSTINGUR bar	ATHUGASEMDIR
.00	24.39	HOLAN LOKUD FRÁ
200.00	26.14	KL. 10:15 VEGNA
400.00	37.98	HITAMÆLINGAR
600.00	49.28	
800.00	61.12	
900.00	66.80	
1000.00	73.11	
1100.00	80.95	
1200.00	88.54	
1300.00	96.11	
1400.00	103.61	
1500.00	111.15	
1600.00	118.66	
1700.00	126.12	
1800.00	133.31	
1900.00	140.17	
1971.00	145.54	

TAFLA V-3

NESJAVELLIR HOLA NG-10

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 110 ADF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 950615 Timi 1840 Mæli R- 24585. Kvörðun nr. 0.  
MÆLT AF ÓMAR/GuH Vatnsborð 193.21 m Rennsli .00 l/s Holutoppþrýstingur .00 bar

DYPI m	HITI C	ATHUGASEMDIR
200.00	27.60	MÆLT NIÐUR MED
210.00	26.80	GO-MÆLI NR. 3
220.00	26.60	
230.00	26.60	VATNSBORD MIDAST
240.00	27.50	VIÐ 3" LOKANN
250.00	28.50	
260.00	29.50	
270.00	30.40	
280.00	31.90	
290.00	34.10	
300.00	36.60	
310.00	38.90	
320.00	40.90	
330.00	42.20	
340.00	43.50	
350.00	43.30	
360.00	40.20	
370.00	38.10	
380.00	39.10	
390.00	41.00	
400.00	43.70	

TAFLA V-3 frh.

NESJAVELLIR HOLA NG-10

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 110 ADF.NR: 6240

HITAMÆLING Dagsetning 950615 Timi 1840 Mælir R- 24585. Kvörðun nr. 0.  
MÆLT AF OMAR/GuH Vatnsborð 193.21 m Rennsli .00 l/s Holutoppþrýstingur .00 bar

DYPI m	HITI C	ATHUGASEMDIR
410.00	47.20	
420.00	51.30	
430.00	55.00	
440.00	58.70	
450.00	62.20	
460.00	65.30	
470.00	68.30	
480.00	71.00	
490.00	73.50	
500.00	77.10	
510.00	82.00	
520.00	89.30	
530.00	99.00	
540.00	113.40	
550.00	135.00	

TAFLA V-4

NESJAVELLIR HOLA NG-10

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 110 ADF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 950615 Timi 1636 Mælir EL-84863. Kvörðun nr. 0.  
MÆLT AF OMAR/GuH Vatnsborð 193.21 m Rennsli .00 l/s Holutoppþrýstingur .00 bar

DYPI m	HITI C	ATHUGASEMDIR
700.00	190.30	MÆLT NIÐUR MED
800.00	205.50	ÞRÝSTIMÆLINGU
900.00	214.80	
1000.00	225.80	VATNSBORD MIÐAST
1100.00	233.30	VIÐ 3" LOKANN
1200.00	241.50	
1300.00	250.80	
1400.00	256.10	
1500.00	264.40	
